

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

## 40. Umdæmisþing Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar, haldið í Salnum, Kópavogi 10. – 11. september 2010

### Þinggerð

#### Þingsetning í Kópavogskirkju:

Setning 40. Umdæmisþings Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar fór fram í Kópavogskirkju, föstudaginn 10. september kl: 20:00.

Eyþór Einarsson formaður þingnefndar bauð alla velkomna og kynnti dagskrá kvöldsins. Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri flutti stutt ávarp og setti formlega þingið .

Ávörp fluttu séra Sigurður Arnarson sóknarprestur í Kópavogskirkju, Guðrún Pálsdóttir bæjarstjóri Kópavogs, Pam Flemming umdæmisráðgjafi KI, Alf Henrikssen umdæmisstjóri Norden og Geurt Brouwer umdæmisstjóri Hollands.

Kór Kárnesskóla söng nokkur lög undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Laust fyrir kl. 21:00 var fundi frestað til kl.09:00 laugardag.

#### Þingfundi framhaldið í Salnum Kópavogi:

Þingi var framhaldið í Salnum, Kópavogi laugardaginn 11. september kl. 09:00.

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri bauð alla velkomna og síðan var gengið til dagskrá.

#### Skýrslur umdæmisstjórnarmanna og umræður um þær

- Skýrsla umdæmisstjóra – Óskar Guðjónsson
- Skýrsla umdæmisritara – Hjördís Harðardóttir
- Skýrsla umdæmisféhirðis – Atli Heiðar Þórssón
- Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis – Arnar Ingólfsson
- Skýrsla svæðisstjóra Sögusvæðis – Sigurður Bjarnason
- Skýrsla svæðisstjóra Óðinssvæðis – Sigfús Jóhannesson
- Skýrsla svæðisstjóra Grettissvæðis – Guðmundur Skarphéðinsson
- Skýrsla svæðisstjóra Eddusvæðis – Jakob Marinósson
- Skýrsla svæðisstjóra Þórssvæðis – Jón Eiríksson

*Sjá má skýrslur umdæmisstjórnarmanna í þingblaði*

**Ástbjörn Egilsson fyrrverandi umdæmisstjóri** tók fyrstur til máls og þakkaði fyrir mjög góðar skýrslur. Sagði að skýrslurnar sýni hvað klúbbarnir starfi af miklum krafti og eru að skila frábæru starfi og vonaði að svo verði áfram. Ástbjörn sagði að hann hefði viljað sjá fleiri skýrslur í Kiwanisfréttum

**Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri** sagði að í upphafi hefi verið ákveðið að þingblaðið yrði ekki fleiri en 16 síður og hefðu svæðisstjórum t.d verið skömmtuð hálf síða þó svo að sumir hefðu farið fram úr því.

**Páll V. Sigurðsson úr Elliða** sagði að hann hefði viljað heyra meira frá hvað klúbbarnir eru að gera í skýrslum svæðisstjórnanna.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

**Jón Eiríksson svæðissjóri Þórssvæðis** svaraði því til að klúbbarnir væru flestir að skila mjög góðu starfi og eiga skilið hrós en aðrir þurfi að fá hjálp.

**Júlía B. Björnsdóttir í Emblum** sagði að hún hefði viljað sjá samantektina yfir mánaðarskýrslunar með þinggögnunum.

**Hjördís Harðardóttir umdæmisritari** sagði að hún væri alveg sammála, hún hefði beðið þingnefnd um að fjölrita samantektina og hafa í þingmöppunni en eitthvað hafi það misfarist. Hún sagði að hún muni þess í stað senda samantektina út í klúbbana og líka loka samantektina eftir að allar skýrslur starfsársins hafi skilað sér.

**Ragnar Örn ritstjóri Kiwanisfrétta** tók næstur til máls og sagði að ástæðan fyrir því að ákveðið hefði verið að nota Kiwanisfréttir fyrir þinggögn hefði verið sú að ná líka til þeirra 800 félaga sem ekki koma á þingið. Hann sagði að það mætti endurskoða þetta aftur.

**Benedikt Kristjánsson í Skjálfanda** sagði að hann mundi vilja heyra frá svæðisstjórnunum hvernig þeir meti klúbbana í sínu svæði og skýrslurnar frá þeim.

**Sigurður Bjarnason svæðisstjóri Sögusvæðis** sagði að flestar skýrslurnar sem hann hefði fengið væru mjög góðar skýrslur.

**Guðmundur Skarphéðinsson svæðisstjóri Grettissvæðis** tók undir orð Sigurðar og sagði að forsetarnir hafi skilað góðum skýrslum á svæðisráðsfundum og hafi hans skýrsla verið samantekt úr þeim skýrslum.

**Arnar Ingólfsson svæðisstjóri Ægissvæðis** sagði að skýrslurnar hefðu verið góðar og hann hefði tekið það helsta úr þeim í sína skýrslu.

**Jakob Marinósson svæðisstjóri Eddusvæðis** sagði að honum fyndist skýrslurnar hafa batnað töluvert. Hann hefði ekki farið yfir það í sinni skýrslu hvað hver og einn klúbbur sé að gera.

**Sigfús Jóhannesson svæðisstjóri Óðinssvæðis** tók næstur til máls og sagði skýrslurnar væru mjög misvel unnar, sumir klúbbar senda með greinargerð um þeirra starf og væri það frábært. Hann sagði að skýrslurnar sýndu alls ekki allt það sem klúbbarnir eru að gera og mættu ritarar vanda gerð þeirra meira.

**Gylfi Ingvarsson formaður K- dagsnefndar** sagði að hann hefði viljað sjá sína skýrslu í þingmöppunni.

**Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri** sagði að ákveðið hefði verið að hafa skýrslu K- dagsnefndar og Hjálmnefndar ekki með í þingmöppu þar sem lesa á skýrslurnar á þinginu. Þær munu síðan birtast með þinggerðinni á heimasíðunni.

**Ástbjörn Egilsson** tók undir með Gylfa og sagði að allir ættu að fá að sjá hvað verið er að gera og lagði til að hún yrði fjölrítuð og látin liggja frammi á þinginu.

**Ragnar Örn Pétursson** tók næstur til máls og sagði að í þingblaðinu ættu bara að vera skýrslur umdæmisstjórnarfólks, fjárhagsáætlun umdæmisins og Kiwanisfrétta. Einnig ársreikningar umdæmisins, annað efni ætti að liggja frammi á þingi.

**Óskar Guðjónsson** tilkynnti þingheimi að Ástbjörn Egilsson hefði tekið að sér að vera formaður kjörbréfanefndar og Dröfn Sveinsdóttir formaður kjörnefndar.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

**Ástbjörn** kom því næst upp og sagði að allir klúbbarnir í umdæminu hefðu greitt sín gjöld og mættir væru 97 fulltrúar, einungis vantaði 5 fulltrúa. Hann sagði frá því að það væru 25 manns á þinginu, sjálfkjörnir með kosingarrétt, það væri umdæmisstjórn og fyrrverandi umdæmisstjórnar. Alls 122 gild kjörbréf.

## **Fjárhagsáætlun 2010-2011:**

Arnór L.Pálsson formaður fjárhagsnefndar fór yfir fjárhagsáætlun 2010-2011 og gaf síðan orðið laust. Enginn tók til máls.

*Fjárhagsáætlun umdæmisins 2010-2011 var borin upp og var hún samþykkt samhljóða.*

*Fjárhagsáætlun fyrir Kiwanisfréttir 2010-2011 var einnig borin upp og var hún samþykkt samhljóða.*

## **Ársreikningar 2008-2009**

**Ómar Hauksson erlendur ritari** lagði fram ársreikninga umdæmisins fyrir starfsárið 2008-2009. Ómar sagði að kjörnir skoðunarmenn þeir Guðmundur Pétursson og Vigfús Árnason hefðu skoðað fylgiskjöl og fengið skýringar á fyrirspurnum sínum. Þeir leggja til að reikninarnir verði samþykktir á þinginu. Ómar sagði að kostnaður við umdæmisstjóra kæmi ekki allur fram á ársreikningunum og spurning hvort að það ætti ekki að koma fram sem styrkur það sem þeir borga sjálfir.

**Benedikt Kristjánsson í Skjálfanda** spurði hvort að hreyfinginn muni ekki þurfa að borga skatta ef húseignin að Engjateigi verði seld. Engjateigur er alltaf metið á sömu upphæð í ársreikningunum ár eftir ár.

**Gunnar Rafn Einarsson í Eldborg** benti á að félagssamtök eins og Kiwanis væru skattfrjáls.

*Ársreikningar starfsársins 2008-2009 voru samþykktir samhljóða*

## **Kynning á frambjóðanda til kjörumdæmisstjóra 2010-2011**

Ragnar Örn Pétursson úr Kiwanisklúbbnum Keili var einn í framboði.

### ***Kjör Ragnars Arnar var staðfest með lófaklappi***

Ragnar Örn tók til máls og sagði að hann væri byrjaður að undirbúa sitt starfsár og virkja mannskapinn. Hann sagði að Kiwanis þyrfi að aðlagst samfélaginu en ekki öfugt. Ragnar Örn kynnti sína stjórn,

Umdæmisritari verður Benóný Guðmundsson Keili

Umdæmisféhirðir verður Birgir Sveinsson Helgafelli

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

Ragnar Örn sagði líka frá því að hann væri búinn að biðja Tómas Sveinsson að vera áfram formaður Internetnefndar. Einar Már Jóhannesson verður formaður þingnefndar. Þyrí Marta Baldursdóttir verður ritstjóri Kiwanisfrétta. Hann sagði að hann muni fljótlega kalla saman sitt fólk og fara yfir ýmis mál. Hann sagði líka frá því að nú þarf að fara að huga að stefnumótun umdæmisins sem átti að vera búð að gera og hefði átti að leggja fyrir þingið núna en kjörumdæmisstjóri hefði lagst í veikindi og ekkert varð af því. Ragnar sagði að hann mun fljótlega skipa vinnuhóp og í framhaldi að því um stefnumótunin verða lögð fyrir þingið 2011 á Hornarfirði. Ragnar Örn kom inn á fjölgun og sagði að við yrðum að halda áfram að reyna að fjölga, hann sagði að formaður útbreiðslu og fjölgunarnefndar Sigurður Svavarson hefði ekki getað mætt á þingið en hann hefði sent þrjá fyrir sig sem skráðu allt niður sem kom fram á fjölgunaráðstefnunni á föstudag. Að lokum þakkaði Ragnar Örn fyrir stuðninginn og sagðist vona að hann yrði þess verður og sagði að hann væri með góða menn með sér.

## Matarhlé 11:30 – 13:00

### Staðfesting á umdæmisstjóra 2010-2011

Umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson sagði að umdæmisstjórn hefði skorað á hann að sitja áfram sem umdæmisstjóri 2010-2011 eftir að kom í ljós stuttu fyrir þing að kjörumdæmisstjóri Geir H. Guðmundson gæti ekki tekið embættið að sér vegna veikinda. Óskar sagði að hann væri tilbúinn til að sitja áfram en leggja þyrfti fyrir þingið tilnefninguna.

*Tilnefningin um að Óskar verði sem umdæmisstjóri var staðfest með lófaklappi*

Óskar þakkaði traustið

**Matthías G. Pétursson fráfarnadi umdæmisstjóri** tók næstur til máls og þakkaði Ómar Haukssyni fyrir að leggja fram árseikningana í forföllum Sigurðar Ingibergssonar umdæmisfólkis 2008-2009.

Hann sagði að það væri Sigurði að þakka að hann skilaði um 1.100.000 kr. í hagnað eftir árið. Matthías óskaði Óskari og hans fólk velfarnaðar á komandi starfsári.

### Staðfesting stjórnar 2010-2011

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri las upp og kallaði fram næstu stjórn  
Umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson Eldey  
Kjörumdæmisstjóri Ragnar Örn Pétursson Keili  
Fráfarnadi umdæmisstjóri Matthías Guðmundur Pétursson Setberg

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

Umdæmisritari Hjördís Harðardóttir Sólborg  
Umdæmisféhirðir Atli Heiðar Þórsson Eldey  
Erlendur ritari Ómar Hauksson Skjöldur  
Svæðisstjóri Eddu Jón Jakob Marinósson Jörfi  
Svæðisstjóri Grettis Erlendur Örn Fjeldsted Mosfell  
Svæðisstjóri Óðins Lára Einarsdóttir Embla  
Svæðisstjóri Sögu Gísli Valtýsson Helgafell  
Svæðisstjóri Ægis Hildisif Björgvinsdóttir  
Svæðisstjóri Þórs Ingólfur Friðgeirsson Hekla

*Stjórnin var staðfest með lófaklappi*

## Tillaga vegna kjörumdæmisstjóra 2011-2012

Ein tillaga barst vegna kjörumdæmisstjóra 2011-2012 en það er Hjördís Harðardóttir úr Kiwanisklúbbnum Sólborg. Hildisif Björgvinsdóttir úr Sólborg kynnti Hjördísi og hvaða störfum hún hefur gengt í Kiwanishreyfingunni.

*Útnefningu Hjördísar Harðardóttur var staðfest með lófaklappi*

## Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir þingið

## Ávörp erlendra gesta:

**Gianfillipo Muscianisi KI-EF forseti** tók fyrstur til máls og sagði frá því að Óskar hefði gefið honum ösku úr Eyjafjallajökli þegar hann kom á Evrópuþingið sem haldið var á Sikiley í sumar, og gaf hann Óskari því ösku úr Etnu. Gianfillipo sagði að Ísland og Sikiley ættu það sameiginlegt að vera eyjur með eldfjöllum.

Hann sagði að við verðum að vera miklu duglegri að auglýsa Kiwanis og unga fólkið væri mjög mikilvægt fyrir framtíðina. Ungu fólkið veit of lítið um hvað Kiwanis er að gera og þess vegna verður við að vera dugleg að segja frá að við séum að hjálpa börnum heimsins.

Að lokum þakkaði Ginafillipo fyrir gestrisnina hér á landi, óskaði nýrri stjórn velfarnaðar á komandi starfsári og óskaði Hjördísi Harðardóttur til hamingju með tilnefninguna.

**Geurt Brouwer umdæmisstjóri Hollands** tók næstur til máls og sagði að það væri gaman að koma til Íslands, hér væri rólegt yfir öllu. Gaman að fá að koma á þingið og sagði að við værum að gera stórkostlega hluti fyrir Kiwanis. Þakkaði fyrir gestrisnina og flutti kveðju frá Hollandi og þakkaði fyrir frábæra helgi.

**Óskar umdæmisstjóri** tók næst til máls og flutti þær fréttir að til staði að stofna kvennaklúbb á þinginu, komnar væru í hús nokkrar konur úr þessum klúbbi sem ætla að sækja formlega um inngöngu í Kiwanis. Hann sagði frá því að hann hefði lofað því

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

að yfirvaraskeggið mundi fjúka ef það yrði stofnaður kvennaklúbbur í hans umdæmisstjórnartíð og ætlaði hann að standa við það loford því var Stefán Jónsson rakari úr Eldey fenginn til þess raka Óskar og fór sú athöfn fram á þinginu.

**Pam Flemming umdæmisráðgjafi KI** tók næst til máls og færði þingheimi kveðjur frá Sylvester Neal heimsforseta og sagði að kjörorð hans væri „Light a fire“ fyrir Kiwanis. Hún sagði að það væri margt skemmtilegt framundan eins og t.d. heimsverkefnið. Fólki þarf að vita að við erum að hjápa börnum heimsins og við þurfum að muna eftir því að bjóða fólki að koma á fundi og kynnast Kiwanis. Við þurfum að bjóða vinum, ættingjum, vinnufélögum og öðrum sem við hittum. Hún hvatti Kiwanismenn til þess að taka áskorunni með kvennanefndinni og senda inn nafn á konu til nefndarinnar. Eins ef Kiwanisfólk veit um fólk erlendis sem hefur áhuga á kynnast Kiwanis, senda inn nöfn á þessu fólki það eru klúbbar út um allan heim. Við þurfum að hugsa út fyrir okkar box. Að lokum þakkaði Pam Óskari fyrir frábærar móttökur.

**Óskar** sagði þingheimi frá því að mættir væru nokkrir krakkar úr Eistlandsferðinni og væru þau komin í hús til þess að sækja um formlega að fá að stofna ungliðaklúbb.

**Bob Moore fyrrverandi heimsforseti 2003-2004** tók næstur til máls og sagði frá því að hann væri á ferðalagi með skipi sem væri hér í höfn og hann hefði ákveðið að kíkja á þingið til okkar. Hann sagði að það væri alltaf gaman að koma til Íslands og sagði að við værum að gera frábæra hluti og þakkaði fyrir það. Hann sagði að umdæmið væri með mjög góðan ráðgjafa hana Pam Flemming frá Alabama.

## Landsverkefni – K-dagur

**Gylfi Ingvarsson formaður K- dagsnefndar** kynnti K-dagsverkefnið og hann sagði að búið væri að ákveða styrktaraðilana sem væru BUGL, Lautin á Akureyri og Miðstöð Foreldra og barna.

---sjá meðfylgjandi skýrslu formann K- dagsnefndar---

**Ólafur Guðmundsson yfirlæknir á BUGL** kynnti starfsemina á Barna og unglingsgeðdeild Landsspítalans. Þakkaði Kiwanisfólki fyrir að velja BUGL sem hefði áður styrkt starfsemina.

**Anna María Jónsdóttir geðlæknir frá Miðstöð foreldra og barna**, kynnti starfsemi Miðstöðvarinnar en markmið stöðvarinnar er að styrkja tengslanet foreldra og ungra barna þegar upp koma vandamál eins og t.d. fæðingarþunglyndi.

**Páll V. Sigurðsson úr K-dagsnefnd** tók næstur til máls og sagði að hann væri búinn að vera í Kiwanis í 23 ár, hann væri búinn að kynnast fullt af fólki og unnið að mörgum styrktarverkefnum. Páll sagði að þetta væru frábær verkefni sem K – dagsnefndin hefði ákveðið en við Kiwanisfélagar yrðu að vinna allir sem ein heild á K-deginum.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

**Alfred Styrkársson úr K-dagsnefnd** sagði að í stað barmmerkis væri nú ákveðið að selja venjulega húslykil sem fólk gæti látið skera. Lyklarnir koma til landsins í upphafi næsta árs. Nefndin væri nú að vinna að fjármögnunarverkefnum og hefði fengið til liðs við sig fyrirtækið Gott Rád, sem mun afla styrkja og fá ákveðna % af því sem fyrirtækið aflar. Ætlunin er að salan á lyklinum fari öll í hagnað, því reyna á að fá styrki fyrir kostnaðinum fyrir lyklinum sjálfum.

Alfred sagði frá því að búið er að láta prenta 300 eintök af kynningarbæklingi sem hægt er að senda til fyrirækja um beiðni um styrk. Hann sagði jafnframt að nefndin ætli að búa til Facebook síðu til að auglýsa K-lykilinn og búið væri að senda bréf til félagssamta og tilkynna að Kiwanis verði að selja 10-14 maí 2011 til þess að við rekumst ekki á söluna hjá öðrum.

**Gylfi Ingvarsson** sagði frá því að búið væri að panta 40.000 lykila og ef klúbbar fá fólk sér til hjálpar að selja fengi það 300 kr fyrir seldan lykil. Hann sagði líka frá því að K-lykilinn verður líka seldur í Færeyjum og mun það sem safnast þar fara þangað í styrk.

Gylfi sagði að verið væri að vinna að því að með lyklinum fylgdi með eins og frítt í sund og þessháttar.

**Emelía Dóra Guðbjartsdóttir úr K- dagsnefnd** sagði að fyrirtækið Gott Rád fengi 20% af þeim styrkjum sem það aflar. Söfnunarféð ætti því að fara beint í hagnað. Hún hvatti alla félaga til að taka höndum saman og sagði að nefndin ætli að hafa opið hús á K-daginn.

**Gylfi tók** næstur til máls og sýndi þingheimi K-lykilinn sem hann væri búinn að láta skera og sagði að Skóarinn í Hafnarfirði hafi boðist til þess að skera lykilinn frítt fyrir þá sem kaupa í Hafnarfirði.

## MNT- Nýtt heimsverkefni - kynning - myndband

**Geir Hlíðberg Guðmundsson kjörumdæmisstjóri** og læknir kynnti nýja heimsverkefnið sem felst í því að Kiwanis mun safna pening til þess að hægt verði að bólusetja nýfædd börn í þriðja heiminum. Hann sagði að þetta væri alvarlegur sjúkdómur og fólk látist af völdum þessa sjúkdóms. Bakterían sem veldur þessum sjúkdómi er í jarðveginum og berst í sár ef fólk t.d. meiddir sig.

**Gylfi Ingvarsson** kom með fyrirspurn til Geirs og spurði hvort það mætti ekki sprauta konur á meðgöngu.

**Geir** sagði að það þyrfti að bólusetja börnin fljótlega eftir fæðingu eins og gert er hér á landi.

## Kynnig á umdæmisþingi á Höfn Hornarfirði 2011:

**Stefán B. Jónsson formaður þingnefndar** sagði að þingið yrði haldið á Hornarfirði 23-24 september 2011. Þar væri næg gisting en það klúbbana samt að staðfesta gistingu fyrir sumarfrí svo ekkert væri úrskedis með það. Stefán sagði nóg væri að gera og sjá á Hornarfirði og bauð alla velkoma að ári til Hornarfjarðar. Sýndi að lokum myndband af staðnum.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

## **Staðarval umdæmisþings 2013;**

Óskar sagði frá því að Sólborg hefði sent inn tillögu um að þing yrði haldið í Hafnarfirði 2013. Ætla klúbbarnir þrír í Hafnarfirði að standa að þinginu saman. Aðrar tillögur bárust ekki

*Þingheimur samþykkti að þing yrði haldið í Hafnarfirði 2013 með lófaklappi.*

## **Styrktarsjóður:**

**Björn Ágúst Sigurjónsson formaður Styrktarsjóðsins** fór yfir skýrslu sjóðsins þar sem hann sagði frá starfi sjóðsins, veittum styrkjum og hvað er framundan.

*---sjá meðfylgjandi skýrslu formanns Styrktarsjóðs ---*

Björn Ágúst sagði frá því að skv. 5 grein Styrktarsjóðs eru þrír aðalmenn, formaður, ritari og féhirðir, kosnir í tvö ár og tveir varamenn sem kosnir eru í eitt ár. Hann las síðan upp tillögu um kosningu varamanna.

*Tillaga til umdæmisþings 2010 um kosningar varamanna í stjórn til eins árs.*

*Gerð er tillaga um eftirfarandi;*

*Þróstur Jónsson*

*Sigurður Svavarsson*

Undir þessa tillögu skrifa Sigurður R. Pétursson, Óskar Guðjónsson og Sæmundur H. Sæmundsson

*Tillagan var samþykkt með lófaklappi*

Björn Ágúst lagði einnig fram reikninga sjóðsins

*Reikningar Styrktarsjóðs voru samþykktir samhjóða.*

## **Landsverkefni – Hjálmauverkefnið**

Matthías G. Pétursson las skýrslu Hjálmanefndar í fjarveru G. Oddgeirs formanns nefndarinnar.

*---sjá skýrslu formanns Hjálmanefndar---*

## **Græðlingsklúbbur – bréf**

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

**Óskar umdæmisstjóri** las bréf frá Jóni Óskari Þórhallssyni sem unnið hefur að því að stofna græðlingsklúbb út frá Helgafelli. Þar kom fram að Kiwanisklúbburinn Eldey hefur boðist til þess að lána húsið til þeirra að kostnaðarlausu. Græðlingsklúbburinn hefur hlotið nafnið Eldfell og mun 9 félagar verða skráðir fljótlega í gegnum Helgafell. Hugmyndin er sú að Eldfell verði orðið sjálfstæður klúbbur að ári liðnu með miklu fleiri félögum. Markmiðið er að 15-20 félagar verði komnir inn næsta vor og allta að 40 félagar vorið 2012.

## Önnur Mál:

**Gylfi Ingvarsson K-dagsnefnd** tók fyrstur til máls og sagði að kynningarbæklingurinn sem hann hefði sagt frá væri hugsaður til fyrirtækja.

**Ragna Pétursdóttir úr Sólborg** sagði að hún skyldi ekki þessar upphæðir sem ætluð væri umdæmisstjórum, í fyrra var gert ráð fyrir 1.700.000 kr. en í ár væri það 1.500.000 kr. Henni finnst fjárhagsætlunin ekki nógu góð það vita það allir að umdæmisstjórar borga með sér og henni langaði að fá að vita hvað umdæmisstjóri hefði þurft að borga mikið með sér.

**Óskar umdæmisstjóri** sagði að hann hefði bara ekki tekið það saman hvað hann hefði borgað sjálfur.

**Matthías G. Pétursson fráfarandi umdæmisstjóri** sagði að hann hefði skilað um 1.100.000 kr. í hagnað sem væri svipuð tala og hann hefði borgað sjálfur.

**Oddgeir Þór Árnason úr Eldey** spurði hvort að K-dagsnefndin hefði fullvissað sig að það væru ekki börn í Kína sem ynnu við framleiðslu á K-lyklinum.

**Hjálmar Hlöðversson Kötlu** sagði við ættum ekki segja K-dagur heldur miklu frekar Kiwanis dagur þegar við seljum lyklana. Hjálmar óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

**Óskar** tók næstur til máls og þakkaði fyrir góðan dag og frestaði fundi fram til kvöld

## Lokahóf í Turninum:

Fordrykkur hófst kl. 19:00 og var vel mætt að Kiwanisfélögum og mökum þeirra. Um kl. 20:00 bauð stallari alla velkomna og bauð öllum að ganga til borðs, en umdæmisstjórn, erlendir gestir og makar voru kölluð upp með nafnakalli. Óskar bauð alla velkomna og sagði þingi væri framhaldið.

## Afhending gjafa :

Erlendum gestum, Gianfillipo Muscianisi KI-EF forseti, Pam Flemming umdæmisráðgjafi KI, Alf Henriksen umdæmisstjóri Norden og Geurt Brouwer umdæmisstjóri Hollands ásamt mökum voru gefin gæruskinn áletruð af Kiwanisfélögum að gjöf frá umdæminu. Gestirnir tóku til máls og þökkuðu fyrir sig.

## Afhending viðurkenninga

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

**Kiwanisklúbburinn Jörfi** fékk bikar fyrir athyglisverðasta fjáröflunarverkefnið, en Jörfi heldur svokallaða sviðaveislu sem er athyglisvert að því leyti að þeir fá sviðalappir og vinna alla vinnu sjálfir sem endar með sviðaveislu.

**Kiwanisklúbburinn Elliði** hlaut bikarinn fyrir athyglisverðasta styrktarverkefnið, klúbburinn gefur út bók með söngtextum.

**Kiwanisklúbburinn Sólborg** hlaut fjölgunarbikarinn en klúbburinn hefur aukið félagafjöldann sinn um 20% á starfsárinu.

## **Þakkir til þingnefndar.**

Þingnefndin var kölluð upp ásamt mökum og vorum þeim þökkuð vel unnin störf og fengum nefndarmenn vínflösku og eiginkonur fengu rós.

## **Kynning á umdæmisstjórn 2009-2010**

Arnór L. Pálsson fyrrverandi umdæmisstjóri og Eldeyjarfélagi

kallaði upp stjórn 2009-2010 ásamt mökum og var stjórninni þökkuð vel unnin störf

## **Kynning á umdæmisstjórn 2010-2010**

Næst kallaði Arnór upp og kynnti verðandi stjórn 2009-2010 ásamt mökum.

## **Þakkir til umdæmisstjóra**

Atli Þórsson umdæmisféhirðir og Hjördís Harðardóttir umdæmisritari kölluðu Óskar Guðjónsson umdæmisstjóra upp ásamt konu sinni Konný Hjaltadóttur og færðu þeim gjafir frá umdæmisstjórn fyrir frábært samstarf. Óskar fékk einnig „Óskarinn“ frá þeim Atla og Hjördís.

## **Þingslit**

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri sleit þingi kl.23:30 og við tók dansleikur til kl.02:00.

*Hjördís Harðardóttir*  
*Umdæmisritari 2009-2010*

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

*Kiwanis eru alheimssamtök sjálfbærliða sem hafa að*



*markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna*